

# Starfsáætlun í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla

2017 - 2018

Asparholt ( börn fædd 2015 og 2016)

Kennara: Heiðdís, Brynja, Eva Dögg, Kolla, Ingibjörg og Signa

**Á Asparholti er áhersla lögð á markvissa málörvun, umhverfismennt, sjálfshjálp, félags og tilfinningaþroska og uppbyggingu sjálfsmyndar**

## Læsi og samskipti

- ❖ Samverustundir eru tvisvar yfir daginn en þá er börnunum skipt niður á eitt til tvö svæði. Lestur miðast við að ró og næði sé á deildinni. Tímasetning samverustunda og uppbygging þeirra

Kl 11:00 Lestur/loðtöflusögur og söngur

- ❖ Kennd verða kvæði, lög og sögur lesnar en þannig læra börnin að njóta þess að hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Lagaval fer eftir árstíðum, hátíðum og hefðum í samfelaginu eða viðfangsefnum sem unnið er með sérstaklega.
- ❖ Í maí er lögð fyrir börnin svokölluð stafabekking. Tilgangur þess er að kanna hvort börnin sýni framfarir í þekkingu á bókstöfunum og þá hvort áherslur starfsins á deildinni skili sér til þeirra. Samhliða stafabekkingunni gera börnin sjálfsmynd.
- ❖ TMT (tákn með tali) er táknkerfi sem notað er til stuðnings við talað mál. Þetta táknmál byggist á svipbrigðum, táknum sem gerð erum með höndum og tali. Þetta kerfi hefur reynst vel börnum sem eiga við málerfiðleika að stríða og einnig fyrir börn sem eru ómálga. Tákn með tali er notað markvisst á Asparholti í söng. Notast er við TMT með lögum og þulum sem og börnin læra ný tákn mánaðarlega. Öll börn og starfsfólk á Pálmholti eiga sitt tákn.
- ❖ Bækur eru alltaf aðgengilegar fyrir börnin.
- ❖ Í hópastarfi og samveru fá börnin tækifæri til að koma fram og segja frá, segja sögu eða syngja.
- ❖ Börnin fá ríkuleg tækifæri til að eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum. Börnin endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.

## Heilbrigði og vellíðan

- ❖ Kennarar huga að samskiptum barnanna og leggja áherslu á að allir skipta máli og að við þurfum að bera virðingu fyrir tilfinningum annara. Börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf á farsælan hátt. Notast er við SMT í öllu starfi deildarinnar. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun barna með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart börnum sem sýna óæskilega hegðun. Þau verkfæri sem notast er við eru: Reglur, skýr fyrirmæli, hrós og hvatning, umbun, einvera og jákvætt val
- ❖ Börnin fá ríkuleg tækifæri fyrir samleik og öðlast þar skilning á eigin tilfinningum ásamt því að læra að lesa í tilfinningar annarra.
- ❖ Mánaðarlega hitta börnin á deildinni vinahóp af annarri deild, börnin í vinahópnum eru eldri og tilgangurinn er að eldri börnin læri að bera virðingu fyrir yngri börnum og öfugt, sýni vinsemd og hjálpsemi.
- ❖ Börnin eru hvött til sjálfshjálpar í fataherbergi, við matarborð og við allar daglegar athafnir, allt ýtir þetta undir sjálfstæði þeirra og stolt. Auk þess er lögð mikil áhersla á hreinlæti og hvíld.
- ❖ Eftir hádegisverð er hvíld á deildinni og eftir hvíldina er róleg stund. Daglega er útivera þar sem börnin fá hreyfingu og ferskt loft í lungun.
- ❖ Ca.1 sinni í mánuði fara börnin í vettvangsferð/ævintýraferð þar sem reynir á hreyfifærni barnanna en auk þess fá börnin fræðslu um nærumhverfi sitt. Í þessum ferðum er aðaláherslan að upplifa, kanna og njóta umhverfisins í kringum okkur en líka að kenna börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni.
- ❖ Norðan við Pálmholt er Holtið en það felur í sér ótal möguleika til náttúruskoðunar og leikja. Þar eru klappir, hvalbök, fjölbreytilegt plöntu- og skordýralíf og dásamlegt útsýni til fjalla og fjarðar. Árstíðirnar ráða því hvað á Holtinu er að finna, á vorin og sumrin er kjörin tími til að kanna gróðurinn og skordýralífið, á haustin er hægt að fara í berjamó og tína fjallagrös og á veturnar myndast í holtinu dásamlegar sleðabrekkur og snjófjöll. Umfram allt er þetta svæði kjörið fyrir ímyndunarleik barnanna. Þá má einnig nefna gönguferðir í neðra Pálmholt. Í matmálistímum og samverustundum verður komið inn á hollustu og mataræði. Börnin eru hvött til að smakka allan mat.

## Sköpun og menning

- ❖ Börnin njóta þess að taka þátt í skapandi ferli og finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti t.d. við að búa til haustlauf, þorakórónur ofl.
- ❖ Börnin fá tækifæri til að vinna með margvíslegan efnivið í tengslum við umhverfisþemað, hátíðir og hefðir, hópastarfsþema o.fl. Lögð er sérstök áhersla á að nota endurnýtanlegan efnivið.
- ❖ Börnin kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum ásamt því syngja og læra ýmis lög tengd viðkomandi viðfangsefni.

- ❖ Daglega eru samverustundir þar sem áhersla er lögð á söng, tónlist, hlustun og takt.

## Sjálfbærni og vísindi

- ❖ Þau læra að bera virðingu fyrir umhverfi sínu, fara vel með hluti og nota endurnýtanlegan og náttúrulegan efnivið í myndsköpun.
- ❖ Matarafgöngum safnar starfsfólkið í sérstaka fötu sem fer ýmist í enduvinnslu eða til að fóðra svín (sem er samstarf við svínabónda). Börnin taka þátt í að setja niður og taka upp kartöflur að voru og hausti.
- ❖ Börnin fara í vettvangsferðir þar sem nærumhverfi barnanna er rannsakað, náttúran, árstíðirnar og lífríkið. Kennarar ýta undir forvitni og vangaveltur barnanna og vekja athygli á því sem gerist í umhverfi þeirra.
- ❖ Í vettvangsferðum verður hugað að rusli í umhverfinu og það fjarlæggt.
- ❖ Á salernum verður lögð áherslu á sparneytni á vatni, sápu og pappír.
- ❖ Börnin kynnast eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu. Í október verður sérstök vísindavika þar sem unnið verður sérstaklega með þetta þema.
- ❖ Börnin kynnast stærðfræðilegum hugtökum eins og tölum og stærðum sérstaklega með aðstoð bóka og laga. Börnin læra að telja, skoða fjölda, lögun og stærð hluta og þar spilar stærðfræðiverkefnið okkar MIO stórt hlutverk.
- ❖ Í gegnum bækur, lög og þulur læra börnin að bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu og er það mikilvægur hluti umhverfismenntunar
- ❖ Börnin taka þátt í að undirbúa veitingar fyrir uppákomudaga eins og foreldrakaffi, litlu jól og fleira ásamt uppákomum í tengslum við hátíðir og hefðir.

## Jafnrétti og lýðræði

- ❖ Mikið er lagt upp úr því að skiptast á og sýna tillitsemi í hópastarfi og almennt í daglegu starfi.
- ❖ Börnin læra að bera umhyggju hvert fyrir öðru og að þau og þeirra skoðanir og tilfinningar skipta máli. Það hjálpar þeim að öðlast tilfinningalegt jafnvægi, jákvæð samskipti og betri félagsleg tengsl.
- ❖ Kennarar huga að samskiptum barnanna og leggja áherslu á að allir skipta máli og að við þurfum að bera virðingu fyrir tilfinningum annara. Börnin eru hvött til að leysa úr ágreiningsmálum sjálf á farsælan hátt.
- ❖ Í hópastarfi finna börnin að þau tilheyra hópi en eru samt sem áður sterkir einstaklingar sem hafa áhrif.

**Hópastarf er 4x í viku ca 20-30 mínútur í senn:**

- ❖ Í hópastarfinu er börnunum skipt upp í hópa og markmiðið er að fá næði og tækifæri til að kynnst börnunum og finna leiðir til að efla þroska hvers og eins. Viðfangsefnin eru fjölbreytt og notuð til að nálgast alla þroskaþættina allt frá félagsþroska til sköpunar.
- ❖ Í gegnum hópastarfið stuðlum við að samheldni og ábyrgðarkennd barnanna gagnvart hverju öðru.
- ❖ Barnið myndar tengsl við jafningja sína og lærir að vinna og leika sér í hóp.
- ❖ Barnið lærir að vinna með fjölbreytileg námssvið og efni og öðlast þannig dýrmæta reynslu og þekkingu sem er liður í uppbyggingu sjálfsmýndar.
- ❖ Hópastarf auðveldar umsjónarkennurum að fylgjast náið með þroska og getu hvers barns og að hafa heildarsýn yfir hópinn.

Þema : 1-2 ára: **Ég sjálf/ur**

Öll skarast þessi viðfangsefni saman á mörgum stöðum en börnin læra fyrst og fremst í leik og starfi.

markmið	Verkefni barnanna	Verkefni kennara	endurmat
<p>Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum</p> <p>Að styrkja sjálfsmynd barnsins, öryggi og kenna því að leysa mál sín á friðsamlegan hátt</p>	<p>Heilsa á morgnana og kveðja í lok dags.</p> <p>Læra að velja sér ákveðið viðfangsefni og standa við val sitt</p> <p>Læra að jafna deilur með orðum og án valdbeitingar</p>	<p>Til að mæta og virða sjálfsmyndapróun barnsins þarf að koma fram við það með hlýju, samkennd og virðingu.</p> <p>Markviss málörvun til að auka sjálfstraust og sjálfsmynd barnsins.</p>	<p>Hvernig ganga samskiptin milli barnsins og annarra barna?</p> <p>En við fullorðna?</p>
<p>Að auka skilning Barnsins á líkama sínum, líkamshlutum og starfsemi þeirra,</p>	<p>Barnið læri heiti á sem flestum líkamshlutum og hlutverki þeirra</p>	<p>Vinna með þemað í gegnum allt starf leikskólans s.s. hópastarfi, matartímum, fataherbergi, útiveru o.s. fr.</p>	<p>Getur barnið nefnt flesta líkamahluta með nafni og hlutverk þeirra.</p>
<p>Barnið lærir /kynnist vináttu, þ.e. hvetja börnin til að sýna hvort öðru vinarþel. Barnið upplifi sig sem hluta af vinahópi þ.e. eiga vini í leikskólanum.</p>	<p>Umræður í barnahópnum um vináttu og hvað merkir það að eiga vin.</p>	<p>Unnið markvisst í hópastarfi, en vera meðvitaður í öllu starfi leikskólans og grípa tækifærin sem skapast til að ræða um vináttu.</p>	<p>Sýna börnin hvort öðru vinarþel? Eiga börnin vin/vini í leikskólanum? Eiga allir að vera vinir? Fá vinir að vera saman.</p>
<p>Efla sjálfsbjargarviðleytni í fataherberginu. Hvetja börnin til hjálpssemi hvort við annað.</p>	<p>Læra að klæða sig sem mest sjálf, t.d. í ullarsokka, skó/stígvel, húfu, inniskó og geti farið í vettlinga þó svo að aðstoða þurfi í galla, regnfatnað, peysur, buxur o.s.fr.</p>	<p>Gefa hverju barni tíma og rými til að æfa sig í fataherberginu. Efla sjálfsvitund hvers og eins með því að ræða um þá líkamshluta sem verið er að klæða í/úr.</p>	<p>Hvernig gengur barninu í fataherberginu? Fær það nægilegan tíma og rými?</p>

## Asparholt 2017 - 2018

### Hópastarf og annað sem við tökum okkur fyrir hendur í vetur

Þema : 1-2 ára: **Ég sjálfur**

*Koma inn á : sköpun og menning, læsi og samskipti, heilbrigði og velferð, jafnrétti og lýðræði, sjálfbærni og vísindi og heilbrigði og velferð,*







September	Október	nóvember	desember
Kartöflugarðurinn Laufblöð SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins Sjálfsmynd	Stimpla hendur og fætur Vinalagið Gifs SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins	Stimpla hendur og fætur Gifs Dagur íslenskrar tungu SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins Ömmu og afakaffi	Jólastúss Jólasveinarnir Jólaög SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins

Janúar	febrúar	mars	apríl
SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins Sjálfsmynd	foreldrakaffi bolludagur öskudagur SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins	Stimpla hendur og fætur á karton Spurningalistar fyrir ferilmöppur SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins	Páskaföndur Búkur gerður á sjálfsmynda-karlana stafabekking/sjálfsm. SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins Sjálfsmynd

Mai
Vorboð stafabekking/sjálfsmynd SMT - reglur TMT – tákn mánaðarins

## September:

- Taka upp kartöflur
- Teikna sjálfsmynd á blað og farið yfir líkamsheitin..
- Endurskapa haustið, líma laufblöð á bókaplást.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina ásamt því að læra athyglimerki skólans (klappa saman höndunum og þau herma eftir).
- TMT tákn mánaðarins:

 <b>Mamma</b>	 <b>Pabbi</b>
 <b>Amma</b>	 <b>Afi</b>
 <b>Ég</b>	 <b>Þú</b>

## Október:

- Byrja hópastarfið á **vinalagi**: Fara með vinalagið í upphafi hvers tíma
  - Við erum vinir, við erum vinir  
ég og þú, ég og þú.  
Leikum okkur saman, leikum okkur saman  
ég og þú, ég og þú.
- Byrja á jólagjöf barnanna til foreldra. Þrykkja iljar í leir og gifsi hellt í mótið, látið þorna.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: smakka allan mat
- Skráningarvika : hvar verða flestir árekstrarnir
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Borða</b></p>	 <p><b>Drekka</b></p>
 <p><b>Kúka</b></p>	 <p><b>Pissa</b></p>
 <p><b>Bleyja</b></p>	 <p><b>Sofa</b></p>



**Nóvember:**



- Dagur íslenskrar tungu. Vinna með vísuna: Buxur, vesti, brók og skór.

Buxur, vesti, brók og skó,  
 bætta sokka nýta,  
 Húfutetur, hálsklút þó  
 háleistana hvíta.

- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Ganga frá fötunum sínum og Vera á sínu svæði
- Ömmu og afakaffi: börnin hjálpa til við að útbúa veitingar fyrir kaffið
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Vinur/vinir</b></p>	 <p><b>Fjölskylda</b></p>
 <p><b>Dugleg/duglegur</b></p>	 <p><b>Góð/Góður</b></p>
 <p><b>Koma inn</b></p>	 <p><b>Fara út</b></p>

Desember:



- Það sem tilheyrir jólnum, skorið út í laufabrauð, jólaföndur ofl.
- Jólasveinarnir, henja upp myndir af þeim.
- Jólalög t.d. jólasveinar einn og átta, í skóginum stóð kofi einn o.fl.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Einn talar í einu, Hlusta og Vera á sínu svæði (samvera)
- Skráningavika, hver er ástæða árekstra?
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Jól/Jólatré</b></p>	 <p><b>Jólasveinn</b></p>
 <p><b>Hreindýr</b></p>	 <p><b>Jólapakki</b></p>
 <p><b>Jólakerti</b></p>	 <p><b>Jólastjarna</b></p>

#### Janúar :

- Þorrinn, búa til Þorrahatta. Salat og kex í pabbakaffinu.

- Teikna sjálfsmýnd á blað og líkasheitin rædd.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Allir ganga frá. (hópavinna)
- kenning á athyglimerki skólan
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Leikur – Leika</b></p>	 <p><b>Byggja – Kubbar – Kubba</b></p>
 <p><b>Dúkkuleikur – Dúkka – Brúða</b></p>	 <p><b>Bílaleikur – Bíll</b></p>
 <p><b>Púsluspil – Púsla</b></p>	 <p><b>Lita – Teikna – Litur</b></p>




### Febrúar

- Bolludagur – Gera bolluvendi
- Öskudagur

Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Sturta niður og Þvo sér og þurrka. (snyrting)

Skráningar Hvenær tíma dags eru flestir árekstrar? Skráningarbingó :)


- TMT tákn mánaðarins:

 <b>Glaður - Brosa</b>	 <b>Leiður - Hryggur</b>
 <b>Gráta</b>	 <b>Reiður</b>
 <b>Stoppa - Bíða</b>	 <b>Hlusta</b>

## Mars







- Spurningalistar fyrir ferilmöppur

- Æfa leikrit/söngleik fyrir vorboð t.d. að syngja vinalagið
- Stimpla hendur og fætur á karton sem síðan verður klippt út fyrir þemað okkar.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Hafa hljótt og Vera á sínu svæði. (hvíld)
- Brosátak Allir starfsmenn gefa börnum a.m.k. 5 bros á dag.
- TMT tákn mánaðarins:









Apríl

- Páskaföndur : ungar klipptir út og límt á þá eggjaskurn, páskaegg klippt út og límt á þau skrautlegur pappír
- Búkur gerður á sjálfsmynda-karlana og líkamshlutar ræddir.
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Allir ganga frá (útsvæði).
- Skráningarvika, hver er afleiðing áreksta ?
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Páskar</b></p>	 <p><b>Heitt</b></p>
 <p><b>Kalt</b></p>	 <p><b>Heima</b></p>
 <p><b>Bróðir - Systir</b></p>	 <p><b>Fjölskylda</b></p>

**Mái- hópastarf búið**

- Vorboð : bakaðar vöflur og hafður rjómi með, súkkulaði og sulta
- stafabekking/sjálfsmynd
- Læra SMT reglurnar að: Fara eftir fyrirmælum, hafa hendur og fætur hjá sér og nota inniröddina. Auk þess að læra að: Vera á sínum stað í röðinni (ferðir)
- TMT tákn mánaðarins:

 <p><b>Rennibraut</b></p>	 <p><b>Róla</b></p>
 <p><b>Hjóla</b></p>	 <p><b>Fata</b></p>
 <p><b>Skófla</b></p>	 <p><b>Bolti</b></p>